



Umsókn um endurveitingu ökuréttar

Ég undirrituð/-aður: _____

Kt: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer og staður: _____

Netfang:

Sæki hér með um endurveitingu ökuréttar og lýsi yfir að ég hef á sviptingartímabilinu:

- Ekki gerst sekur um umferðarlagabrot
- Ekki gerst sekur um brot á áfengislögum nr. 75/1998
- Ekki gerst sekur um brot á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974
- Staðið skil á sekt og sakarkostnaði vegna mála sem leiddu til sviptingar ökuréttindanna

Í 105. gr. umferðalaga nr. 77/2019 er fjallað um endurveitingu ökuréttar. Í 1. mgr. 105. gr. laganna segir: Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár, og getur þá lögreglustjóri, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár. Samkvæmt 2. mgr. 105. gr. má heimila endurveitingu ökuréttar þegar sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Við mat á umsókn vegna endurveitingar skal m.a. litið til þess að viðkomandi hafi sýnt reglusemi og að ekki séu lengur fyrir hendi þær ástæður sem ökuleyfissviptingin byggðist á. Við matið skal litið til eftirfarandi þátta:

- a. brotaferils samkvæmt sakavottorði frá sviptingu,
- b. háttsemi samkvæmt málaskrá lögreglu,
- c. útistandandi sekta og sakarkostnaðar, enda eigi hann rót í málarekstri vegna sviptingarinnar og umsækjandi er gjaldfær
- d. aðstæðna umsækjanda að öðru leyti.

Með undirritun minni hér að neðan heimila ég að leitað verði upplýsinga um mig í málaskrá lögreglu og hjá Ríkissaksóknara. Farið verður með þær upplýsingar sem trúnaðarmál og þeim upplýsingum eytt þegar afstaða hefur verið tekin til endurveitingarinnar. Ég geri mér ennfremur grein fyrir því að ef þær upplýsingar sem ég gef við umsókn mína um endurveitingu ökuréttar reynast rangar, kann það að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknarinnar.

Dags

Undirskrift